

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frístundabyggð í landi Syðri-Brúar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. september 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014 frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að svæði fyrir frístundabyggð í landi Syðri-Brúar, austan þjóðvegur nr. 36 (Sogsvegur) stækkar um 45 ha á kostnað landbúnaðarsvæðis og opins svæðis til sérstakra nota. Ennfremur er gert ráð fyrir að efnistökusvæði falli út og breytist í opið svæði til sérstakra nota og landbúnaðarsvæði meðfram þjóðvegi nr. 36 breytist í opið svæði til sérstakra nota.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 12. september 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.